



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Endurnýjun og stækkun þjónustusamnings við Útlendingastofnun vegna móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd*

Lagt er til að velferðarráð veiti heimild til að endurnýja þjónustusamning við Útlendingastofnun þannig að velferðarsvið þjónusti allt að 300 umsækjendur um alþjóðlega vernd. Útlendingastofnun greiðir allan kostnað vegna samningsins.

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg gert samning við Útlendingastofnun um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þjónusta samkvæmt samningnum felst í að útvega umsækjendum um alþjóðlega vernd húsnæði, fæðis- og framfærslueyri og skólavist fyrir börn ásamt ýmissi annarri þjónustu á meðan umsókn þeirra um alþjóðlega vernd er til meðferðar hjá stjórnvöldum. Önnur þjónusta er t.d. aðstoð vegna heilbrigðistengdrar þjónustu, túlkþjónusta, ráðgjöf, samgöngukort o.fl. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða annast framkvæmd samningsins fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Samingurinn var síðast endurnýjaður í apríl 2019 þar sem Reykjavíkurborg samþykkti að þjónusta 220 einstaklinga og gildir sá samningur til ársloka 2020. Beiðni barst frá Útlendingastofnun 14. október þar sem óskað er eftir því að Reykjavíkurborg stækki samning sinn um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd úr 220 upp í 300 manns (sjá meðfylgjandi bréf frá ÚTL) í senn frá 1. janúar 2021 til 30. nóvember 2023. Að öðru leyti verði innihald samnings óbreytt.

Til að stækka samning enn frekar, þá þarf að útvega húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og mun skrifstofa eigna hjá Reykjavíkurborg sjá um þá framkvæmd líkt og áður en skrifstofa eigna fær 10% umsýslugjald af samningsfjárhæð vegna starfans. Einnig þarf að tryggja skólavist fyrir börn sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd og mun skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sjá um þá framkvæmd.

Allur kostnaður vegna samningsins greiðist af Útlendingastofnun.

Fylgiskjöl:

Minnisblað, dags. 2. desember 2020.

Drög að þjónustusamningi milli Reykjavíkurborgar og Útlendingastofnunar.

Beiðni Útlendingastofnunar, dags. 14. október 2020, um endurnýjun og stækkun þjónustusamnings milli Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar.